



Samgöngustofa er öryggisstofnun samgangna á Íslandi og setur því öryggi í forgang, en stuðlar jafnframt að umhverfisvænum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum í lofti, láði og legi.

Samgöngustofa innleiðir, starfar eftir og viðheldur stjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur alþjóðlegra viðurkenndara staðla. Ástundar stöðugar umbætur á kerfinu til að auka öryggi, skilvirkni, sjálfbærni og lágmörkun umhverfisáhrifa, til hagsbóta fyrir samfélagið.

Samgöngustofa skuldbindur sig til að fara að lögum og öðrum ytri kröfum og leggur metnað sinn í að tryggja að því mikilvæga stjórnarsýslu- og eftirlitshlutverki með samgöngum, sem henni hefur verið falið, sé sinnt af fagmennsku, skilvirkni og ábyrgð.

Samgöngustofa hafi á að skipa starfsfólki sem hefur þá þekkingu, leikni, hæfni sem krefst til að takast á við viðfangsefni stofnunarinnar með faglegum og ábyrgum hætti, þar sem gætt er jafnræðis og hlutleysis.

Samgöngustofa leggur sig fram um að veita viðskiptavinum, notendum og öðrum hagaðilum skilvirka, trausta og góða þjónustu, með jákvæðni, fagmennsku, traust og virðingu að leiðarljósi.